

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

I. Aðalbrautir verða:

Breiðholtsbraut.

Stekkjarkakki, þó þannig, að fyrst um sinn, þar til annað verður ákveðið, víki umferð um hann fyrir umferð um Álfabakka.

II. Bifreiðastöður verði bannaðar:

Á Hraunbæ, beggja megin á akbrautinni.

Austan megin á húsgötu, er markast af húsum nr. 41—69 við Háaleitisbraut.

III. Stöðumælar verða settir upp við Kirkjustræti í útskoti á móts við Landssímahús.

Framangreindar reglur gilda frá 15. apríl 1972.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. apríl 1972.

Sigurjón Sigurðsson.

5. maí 1972.

Nr. 245.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

I. Einstefnuakstur verður á Bókhöðustíg til austurs frá Lækjargötu að Laufásvegi.

II. Biðskylda verður á Drafnarstíg við Öldugötu.

III. Stöðvunarskylda verður á:

Skeiðarvogi beggja megin við Elliðavog.

Öldugötu beggja megin við Ægisdugötu.

Framangreindar reglur gilda frá 12. maí 1972.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. maí 1972.

Sigurjón Sigurðsson.